

REGLUR**um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu.**

1. gr.

Ákvæði alþjóðasamþykktar frá 12. maí 1954, ásamt breytingum frá 13. apríl 1962 og frá 21. október 1969, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, er birt var sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 17 91. júlí 1970, samkvæmt lögum nr. 77 10. maí 1966, skulu ná til allra íslenskra skipa, að því er varðar losun á olíu og olíumenguðum sjó.

2. gr.

Olíustöðvar í landi, smurstöðvar og verksmiðjur, skulu sjá svo um, að frá þeim komist engin olía eða olíumengaður vökvi til sjávar, hvorki beint né óbeint, gegnum holræsi eða á annan slíkan hátt, og skulu ákvæði alþjóðasamþykktar þeirrar, sem um getur í 1. gr., gilda um olíustöðvar í landi, smurstöðvar, verksmiðjur og aðra slíka starfsemi, eftir því sem við á. Sama gildir um verksmiðjur og aðra starfsemi, sem valdið getur olíuóhreinkun stöðuvatna, sem hafa afrennsli til sjávar, lækja eða annarra straumvatna.

3. gr.

Siglingamálastjóri hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara, og skal hann hafa samráð við olíufélög, skipafélög, samlök iðnrekenda, hafnaryfirvöld, Dýra- verndunarsamband Íslands og Náttúruverndarráð um ráðstafanir til að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og framkvæmd reglna um slík efni, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn þessum reglum varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum ákvæðum.

5. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. gr. laga nr. 77 10. maí 1966, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins, og birtist til eftirbreytni öllum þeirra, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, nr. 184 16. ágúst 1966.

Samgönguráðuneytið, 20. janúar 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.